

Miðvikudaginn 2. febrúar 1977.

Nr. 132/1976. **Benedikt Andrésson**
Guðmundur Andrésson og
Helgi Símonarson
 (Hilmar Ingimundarson hrl.)
 gegn
Kristjáni Gústafssyni
 (Einar Viðar hrl.).

Skuldamál. Veðskuldabréf.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur áfrýjuðu máli þessu með stefnu 30. júní 1976. Krefjast þeir sýknu að svo stöddu af kröfum stefnda svo og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, þó svo, að áfrýjandinn Helgi Símonarson krefst aðeins málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Áfrýjandinn Helgi Símonarson sótti ekki þing í héraði. Hann hefur eigi fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973, og koma því málsástæður hans eigi til álita í Hæstarétti.

Staðfesta ber hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Dæma ber áfrýjendur til að greiða stefnda 250.000 króna málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Benedikt Andrésson, Guðmundur Andrésson og Helgi Símonarson, greiði stefnda, Kristjáni Gústafssyni, 250.000 króna málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. maí 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag að loknum munnlegum málflutningi, hefur Einar Viðar hæstaréttarlögmaður, Reykjavík, höfðað f. h. Kristjáns Gústafssonar, Höfn, Hornafirði, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnum, birtum 23. og 27. nóv. 1975, gegn Benedikt Andrésyni, Dunhaga 18, Reykjavík, Guðmundi Andrésyni, Aðalgötu 5, Blönduósi, og Helga Símonarsyni, Hrisateig 16, Reykjavík, til greiðslu in solidum á skuld að fjárhæð kr. 3.000.000 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. júní 1973 til 1. júní 1974, með 1½% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 15. júlí s. á., en með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaði að skaðlausu.

Af hálfu stefnda Helga Símonarsonar hefur ekki verið sótt þing. Er honum þó löglega stefnt. Verður því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið að því er hann varðar samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum.

Stefndu Benedikt og Guðmundur Andrésynir hafa krafist sýknu að svo stöddu af öllum kröfum stefnanda. Jafnframt er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Leitast hefur verið við að sætta mál þetta, en án árangurs.

Í stefnu segir, að skuld þessi sé samkvæmt 6 samhljóða veðskuldabréfum, hverju að fjárhæð kr. 500.000, útgefnum af stefndu hinn 7. maí 1973, tryggðum með 9. veðrétti í m/s Ljósá, SF 2. Skuldir samkvæmt bréfum þessum hafi átt að greiðast með jöfnum greiðslum á átta árum, í fyrsta sinn 1. júní 1974. Engin greiðsla hafi farið fram á bréfum þessum og hafi þau því öll fallið í gjalddaga 1. júní 1974 vegna vanskila, en auk þess hafi hið veðsetta skip, Ljósá, SF 2, verið selt á nauðungaruppboði og hafi ekkert komið upp í skuldir samkvæmt bréfum þessum.

Í greinargerð lögmanns stefnanda er því haldið fram, að hér sé um sama Guðmund Andrésón að ræða og áður hafi búið að Holtagerði 12, Kópavogi, nú að Aðalgötu 5, Blönduósi, sama Helga Símonarson, er áður bjó að Miðtúni 66, Reykjavík, nú að Hrisateig 16, Reykjavík, og sama Benedikt Andrésón, er áður bjó að Granaskjólí 16, Reykjavík, en nú að Dunhaga 18, Reykjavík.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda, að samkvæmt ákvæðum í veðskuldabréfunum sé mál þetta höfðað samkvæmt 17. kafla laga nr. 85 frá 1936, en samkvæmt

ákvæðum þessa kafla einkamálalaganna fái varnir stefndu ekki komist að í málinu.

Af hálfu stefndu Benedikts og Guðmundar Andrésóna er aðild ekki vefngd, en kröfur eru rökstuddar með því, að stefndu í máli þessu hafi höfðað mál fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur til riftunar kaupum stefndu á m/b Ljósá, SF 2, en stefndu hafi greitt stefnanda kaupverð bátsins, m. a. með því að gefa út hin umstefndu veðskuldabréf. Í því máli sé jafnframt krafist endurgreiðslu kaupverðsins og sé þar innifalin hin umstefndu skuldabréf. Af þessum sökum sé krafist sýknu að svo stöddu, þar til séð verður, hvernig riftunarmálið kann að fara.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefndu Guðmundar og Benedikts, að þrátt fyrir ákvæði 17. kafla laga nr. 85 frá 1936 fái vörn stefndu komist að, þar sem riftunarmál hafi þegar verið höfðað.

Í skjölum málsins kemur fram, að hinn 23. apríl 1975 var gefið út uppboðsafsál til handa Sjöstjörnunni h/f, Ytri-Njarðvík, um m/b Ljósá, SF 2, en skipið var selt á nauðungaruppboði 13. mars 1975.

Veðskuldabréf þau, sem stefnandi byggir kröfur sínar á, hafa verið lögð fram í málinu. Samkvæmt ákvæðum bréfanna má reka mál út af þeim fyrir bæjarþingi Reykjavíkur samkvæmt reglum XVII. kafla laga nr. 85 frá 1936. Í 208. gr. laga nr. 85 frá 1936 eru tæmandi taldar þær varnir, sem uppi verða hafðar í málum samkvæmt XVII. kafla laganna. Varnir stefndu eru ekki þess eðlis, að þeim verði komið að í máli þessu.

Samkvæmt ákvæðum bréfanna er heimilt að telja allar eftirstöðvar, er kunna að vera ógreiddar af höfuðstól skuldarinnar, fallnar í gjalddaga fyrirvaralaust, verði dráttur á greiðslu afborgana eða vaxta af skuldinni hálfan mánuð fram yfir gjalddaga eða ef eigandaskipti verða að veði. Fyrsti gjalddagi bréfanna var 1. júní 1974. Því er ómótmælt haldið fram af hálfu stefnanda, að engin greiðsla hafi farið fram af bréfunum, enda bera bréfin ekki með sér, að af þeim hafi verið greitt. Vaxtakrafa stefnanda er í samræmi við ákvæði bréfanna.

Niðurstaða málsins verður því sú, að kröfur stefnanda verða teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 270.000.

Dóminn kvað upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndu, Benedikt Andr sson, Gu mundur Andr sson og Helgi S monarson, grei i stefnanda, Kristj ni G stafssyni, kr. 3.000.000 me  8%  rsv xtum fr  1. j n  1973 til 1. j n  1974, me  1½% v xtum fyrir hvern byrja an m nu  fr   eim degi til 15. j l  1974, en me  2% v xtum fyrir hvern byrja an m nu  fr   eim degi til grei sludags, og kr. 270.000   m lskostna , allt innan 15 daga fr  l gbirtingu d ms  essa a  vi lag ri a f r a  l gum.

Fimmtudaginn 3. febr ar 1977.

Nr. 220/1974. N i J nsson, eigandi Vind ss, og
 Kjartan N ason og
  r inn N ason, eigendur Setbergs,
 (Aagnar G stafsson hrl.)
 gegn
 Arn ri Kristj nssyni, eiganda Ei is
 (J hann H. Ni lsson hrl.).

Landamerkjam l.  merking. Heimv sun.

D mur H star ttar.

M l  etta d ma h star ttard mararnir Magn s  . Torfason,  rmann Sn varr, Benedikt Sigurj nsson, Bj rn Sveinbj rnsson og   r Vilhj lmsson.

 fr jendur hafa  fr ja  m li  essu til H star ttar me  stefnu 20. desember 1974, a  fengnu  fr junarleyfi sama dag. Eru d mkr fur  fr janda N a J nssonar fyrir H star tti  ar, a  „landamerki jar anna Vind ss og Ei is   Eyrarsveit ver i  kve in l nan $A_2 - B_2$,  ar til l nan sker landamerkjalinu Vind ss og Setbergs, sbr. uppdr tt Ragnars  rnasonar m lingaverkfr  ings fr  j li— g st 1976“. D mkr fur  fr jenda Kjartans og  r ins eru  ar, a  „landamerki jar anna Setbergs og Ei is ver i  kve in l nan $A_2 - B_2$ fr   vi h n sker landamerkjalinu Vind ss og Setbergs og fram-